

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Dalvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Dalvíkur 1988–2000 og staðfest var 3. maí 1982.

Breytingin er fólgin í því að bætt er við einni lóð fyrir einbýlishús norðan Öldugötu, vestan við lóð nr. 10, þar sem áður var grænt svæði. Jafnframt er á hinum breytta uppdrætti mörk svæða/lóða, sem byggst hafa á skipulagstímanum svo og lega gatna, færð til samræmis við útfært deiliskipulag.

Bæjarstjórn Dalvíkur tekur að sér að bæta það tjön, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 236

11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Súðavíkur sem staðfest var 9. september 1974.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 30 B við Aðalgötu breytist á þann veg að óbyggt svæði verður iðnaðarlóð.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur með yfirlýsingu dagsettri 12. maí 1992 tekið að sér að bæta það tjön, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 237

11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008 frá 2. júlí 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austur af Bústaðarbraut breytist úr malarnámi í svæði fyrir sorpeyðingarstöð.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 174/ 1991
fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.**

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Til þess að fá inngöngu í 1. bekk þarf umsækjandi að leggja fram vottorð um 24 mánaða hásetatíma eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir. Til þess að fá inngöngu í deild þá, er býr menn undir próf skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið 3. stigs prófi með eigi lægri en fyrstu meðaleinkunn.

Skólastjóra er þó heimilt að veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á, svo sem langur reynslutími sem stýrimaður á varðskipum ríkisins.

2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst, eins og tilskilið er í reglugerð um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að leggja fram sakarvottorð.
6. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Starfrækja skal undirbúningsdeild fyrir þá sem fullnægja ekki framangreindu skilyrði 6. liðar. Inntökuskilyrði í deildina skulu vera 17 mánaða hásetatími eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir auk framangreindra almennra inntökuskilyrða, 2, 4 og 5.

Starfstími deildarinnar skal vera minnst 5 mánuðir.

Nú sannar umsækjandi með prófi að hann hafi þá kunnáttu sem undirbúningsdeildin veitir og á hann þá rétt á setu í 1. bekk að fullnægðum öðrum inntökuskilyrðum.

Heimilt er að halda inntökupróf upp í 1. bekk að haustinu, áður en kennsla hefst, í stærðfræði, eðlisfræði, íslensku, ensku og dönsku.

2. gr.

- Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 22, 3. maí 1972 öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. maí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Hörður Lárusson.